

Skýrsla bæjarstjóra 10. júní 2021

Þjónustueining í Mjallhvít, Víkurbraut 26

Nú í byrjun júní breyttist þjónustan í Mjallhvít sem fram til þessa hefur verið dvalarheimili, rekið af Skjólgarði. Rekstraraðilar Vigdísarholts höfðu tekið ákvörðun um að leggja niður starfsemina og stóð til að íbúarnir mundu flytja á hjúkrunarheimilið. Eftir ítarlega skoðun og samtal við íbúana og aðstandendur þeirra var tekin ákvörðun um að heimaþjónusta sveitarfélagsins mun þjónusta íbúana í sjálfstæðri búsetu. Nú er búið að setja upp ramma í kringum þjónustuna og formlega hefur sveitarfélagið tekið við henni. Tveir starfsmanna í Mjallhvít munu fylgja starfseminni sem gerir breytingarnar auðveldari fyrir íbúana. Um er að ræða þjónustu sem er eingöngu fyrir þessa einstaklinga til að draga úr óvissu af þeirra hálfu. Þetta er farsæl lausn á málinu sem er almenn sátt með.

Stefnumótun og innleiðing heimsmarkmiða

Vinna við stefnumótunina hefur staðið um nokkurt skeið. Fyrir um mánuði síðan var tekin ákvörðun um að fela KPMG að ljúka við vinnu við stefnumótunina. Ég sat fund í vikunni þar sem drög voru kynnt sem byggð eru á þeirri vinnu sem hefur verið farið í með starfsmönnum, bæjarfulltrúum og íbúum allt síðasta ár. Einnig hafa þeir unnið áhættumat út frá sjálfbærniþæmiðum og þannig forgangsraðað verkefnum. Fyrstu drögin verða kynnt fyrir bæjarráði í næstu viku og þá styttest í að hægt verði að kynna lokaafurð stefnumótunar fyrir íbúum og starfsfólki.

FabLab heimsókn til Hornafjarðar

15 manns frá 8 Fab Lab smiðjum af öllu landinu voru hér í vinnuferð í fjóra daga. Vilhjálmur forstöðumaður okkar tók vel á móti hópnum og var dagskráin þétt. Ég fékk tækifæri til að hitta hópinn í léttri móttöku hér í ráðhúsinu. Um er að ræða Fab Lab Bootcamp þar sem hópurinn vinnur að stefnumótun, endurmenntun og hópefli og er það mjög gefandi fyrir starfsmenn smiðjanna sem oft á tíðum eru einir á vinnustað að njóta svo góðrar samvinnu þvert á Fab Lab smiðjur. Hópurinn snæddi á flestum veitingastöðum á svæðinu og naut gestrisni Hornfirðinga.



Heimsókn í Grunnskóla Hornafjarðar

Annar bekkur grunnskólans sendi erindi til bæjarráðs fyrir stuttu þar sem þau bentu bæjarfulltrúum á ýmsa hluti í umhverfi skólans og á miðbæjarsvæði sem betur máttu fara. Bæjarráð fjallaði um erindið og var bæjarstjóra falið að svara erindinu með formlegum hætti. Í stað þess að senda þeim bréf fór um við Brynja, umhverfis- og skipulagsstjóri í heimsókn í bekkinn til að þakka þeim sérstaklega fyrir erindið og segja þeim frá hversu mikilvægt það er að allir íbúar hugi að umhverfi sínu og að erindi eins og þeirra skipti máli og að það hafi fengið formlega umfjöllun hjá bæjaryfirvöldum. Krakkarnir sögðu okkur frá nýjasta verkefni þeirra sem var að greina umhverfið í kringum Báruna og voru nefndar margar spennandi hugmyndir. Við eigum því von á fleiri spennandi erindum frá nemendum í Grunnskóla Hornafjarðar. Heimsóknir sem þessar lífga upp á vinnudaginn, það var mjög gaman að spjalla við 2. bekk!



Í vikunni fékk ég svo aðra heimsókn frá honum Ægi Þór Sævarssyni en hann afhenti mér formlegt erindi sem hann skrifaði sjálfur. Erindið verður lagt fyrir bæjarráð í næstu viku. Ægir og Hulda móðir hans hafa verið dugleg að vekja athygli á málstað langveikra barna og á Duchenne sjúkdómnum. Þau eru nú að undirbúa hringferð um landið þar sem Ægir mun fara á mótorhjólínu sínu og gerð heimildamynd um ferðalagið.

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Það var haldið rafrænt þar sem samkomutakmarkanir buðu ekki upp á fund í persónu. Til umræðu voru breytingar á samþykktum sambandsins þar sem helstu breytingarnar voru þær að framvegis verður formaður kosinn í beinni kosningu, fyrir landsþing sem haldið verður að loknum sveitastjórnarkosningum á næsta ári. Aðrar breytingar snérust flestar um breytingar á framkvæmd stjórnarkjörs ásamt því að nú verða eingöngu kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum kjörgengir í stjórn. Breytingarnar voru samþykktar með 96% greiddra atkvæða. Á fundinum voru flutt erindi ráðherra sveitarstjórnarmála og forsætisráðherra, ásamt því að kynnt var skýrsla Framtíðarseturs.

Skólaslit Tónskólans

Ég sat skólaslit Tónskólans á dögnum. Nemendur fluttu þar nokkur tónlistaratriði ásamt því að Jóhann Morávek sagði frá skólastarfinu í vetur sem hefur jú verið með óhefðbundnu sniði vegna Covid. Tónskólinn hefur útbúið myndband til að kynna starfsemina sem var frumsýnt á skólaslitunum. Myndbandið var afar skemmtilega útfært og sýnir nemendur í skólaumhverfinu. Tónskólinn kvaddi Guðlaugu Hestnes sem hefur verið kennari skólans í 40 ár, það eru fáir starfsmenn sem ná svo löngum starfsaldri hjá sömu stofnun. Ég vil nota tækifærið og þakka Guðlaugu fyrir samstarfið í þessi fjölmörgu ár og óska henni velfarnaðar í þeim verkefnum sem hún tekur sér fyrir hendur.



Vinumálastofnun

Nú á mánudag opnaði Vinnumálastofnun starfsstöð hér á Höfn en um er að ræða 6 mánaða verkefni til að byrja með. Skrifstofan verður fyrsta mánuðinn hér í ráðhúsinu á fyrstu hæðinni en mun síðan flytjast yfir í Nýheima þegar losnar um skrifstofur þar. Skrifstofan verður opin alla virka daga frá klukkan 9 – 12. Sveitarfélagið útvegar stofnuninni húsnæði án endurgjalds og er því um samstarfsverkefni að ræða.

Ýmislegt

Sumarbragur er að færast í sveitarfélagið. Búið er að setja niður sumarblóm víða, sláttur er hafinn, vinnuskólinn kominn til starfa og strax má sjá útlit grænna svæða færast til hins betra. Við erum í samstarfi við Nýheima þekkingasetur með tvo sumarstarfsmenn sem munu vinna verkefni sem nýtast sveitarfélaginu og einnig Nýheimum. Sumarstarfsmenn eru einnig í verkefnum í Menningarmiðstöð og í Áhaldahúsi.

Hafnar eru framkvæmdir við Hafnarbraut sem mun hafa í för með sér einhverjar umferðartafir en vonandi mun framkvæmdin ganga vel.

Starfsfólk fer nú að tynast í sumarfrí úr ráðhúsinu og nefndarfundir einnig að komast í frí. Í dag er síðasti fundur bæjarstjórnar fyrir sumarfrí og óska ég öllum góðra stunda í sumar ☺

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri